



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra flutti opunarávarpið á skattadegi Deloitte.

VB MYND/HAG



Rúmlega 250 manns troðfylltu fundarsalinn á Grand Hótel og meðal gesta var Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf.



Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða í Landsbankanum, mætti á skattadaginn.

Tryggingagjaldið lækkað

Leitað verður leiða til að lækka tryggingagjald hraðar en áætlað er til ársins 2016. Þetta kom fram í máli Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra á skattadegi Deloitte, sem haldinn var á Grand Hótel í fyrradag. Tryggingagjald var hækkað um 3,015% af launum til að mæta auknu atvinnuleysi vegna efnahagshruns árið 2008. Ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks ákvað að lækka tryggingagjaldið um

0,1% áramótin 2013-2014 og sama hlutfall seinustu áramót. Gjaldið verður að óbreyttu lækkað um 0,14% í byrjun árs 2016, eða samtals um 0,34% þegar fram líða stundir. „Við munum leita leiða til að lækka tryggingagjaldið eftir því sem ástandið í ríkisbúskapnum býður upp þáð. Það er eitt af stóru málunum fyrir atvinnulífið í landinu að halda því eins lágu og aðstæður bjóða upp á,“ sagði Bjarni.



Haraldur I. Birgisson, lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði Deloitte, flutti erindi um reglubyrði og rekstraráhættu.



Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Klak Innovit, fylgist með.

rainx yfir allan bílinn og það verður mun léttara að skafa af rúðunum á morgnana!

rainx

Löður

Miðstöð bílaunnenda
www.lodur.is | Sími 568 0000